



Til þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks

Dagsetning 9.4.2025
Málsnúmer IRN25010107

Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2025-2026

Innviðaráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem heimilar sjóðnum að úthluta allt að 464 m.kr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks á árunum 2025 og 2026.

Átaksverkefninu var fyrst ýtt úr vör vorið 2021 og hefur nú verið framlengt til ársloka 2026. Verkefnið felst í því að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk, m.a. í opinberum byggingum, almenningssamgöngum, útivistarsvæðum og almenningsgöðum. Alls var úthlutað 352 milljónum kr. úr sjóðnum til úrbótaverkefna vegna aðgengismála á árunum 2023 og 2024. Áfram verður unnið í samvinnu við sveitarfélög landsins til að tryggja að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra. Þá hafa ÖBÍ og innviðaráðuneytið undirritað framhald á samkomulagi með fjármögnun á sérstökum verkefnisstjóra, Guðjóni Sigurðssyni.

Umsóknir um aðgengisframlög úr Fasteignasjóði skv. 3. gr. skulu berast Jöfnunarsjóði ásamt fullnægjandi gögnum eigi síðar en 31. desember 2026. Jöfnunarsjóður tekur afstöðu til umsókna eftir því sem þær berast og gerir tillögu til ráðherra um úthlutanir að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður veitir vilyrði fyrir sérstöku framlagi sem veitt er á grundvelli 3. gr. og er framlagið greitt út þegar framkvæmdum er lokið.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir skiptingu fjármagns sem Fasteignasjóði er heimilt að úthluta til þjónustusvæðanna. Ráðgjafarnefnd getur horfið frá skiptingu framlaga ef ljóst þykir að umsóknir um heildarframlög frá tilteknum þjónustusvæðum eru lægri en sem nemur því úthlutunarfjármagni sem áætlað var til svæðanna, sbr. viðauka.

Fyrir hönd ráðherra,


Guðni Geir Einarsson


Sigrún Dögg Kvaran



Svæði	Stuðningshlutfall	Innviðahlutfall	Hlutfall	Föst fjárhæð	Jöfnunarsjóður	fjármagn sveitarfélaga	samtals	Hluttur Js.sv.fél.
Akranes	3,20%	0,00%	2,77%	4.000.000 kr	14.070.848 kr	14.070.848 kr	28.141.697 kr	50%
Borgarfjörður	0,45%	0,00%	0,39%	4.000.000 kr	5.423.138 kr	5.423.138 kr	10.846.275 kr	50%
Dalabyggð	0,06%	0,00%	0,05%	4.000.000 kr	4.195.672 kr	4.195.672 kr	8.391.345 kr	50%
Dalvík	0,69%	0,00%	0,60%	4.000.000 kr	6.171.964 kr	6.171.964 kr	12.343.927 kr	50%
Eyjafjörður	9,41%	4,67%	8,77%	4.000.000 kr	35.926.489 kr	35.926.489 kr	71.852.977 kr	50%
Fjallabyggð	0,90%	0,00%	0,78%	4.000.000 kr	6.828.221 kr	6.828.221 kr	13.656.443 kr	50%
Fjarðabyggð	1,04%	0,00%	0,90%	4.000.000 kr	7.260.040 kr	7.260.040 kr	14.520.080 kr	50%
Garðabær	5,33%	0,00%	4,61%	4.000.000 kr	20.796.530 kr	20.796.530 kr	41.593.061 kr	50%
Grindavík	0,80%	0,00%	0,69%	4.000.000 kr	6.525.220 kr	6.525.220 kr	13.050.441 kr	50%
Hafnarfjörður	8,82%	0,00%	7,63%	4.000.000 kr	31.775.963 kr	31.775.963 kr	63.551.926 kr	50%
Hornafjörður	0,37%	0,00%	0,32%	4.000.000 kr	5.153.660 kr	5.153.660 kr	10.307.319 kr	50%
Hvalfjarðarsveit	0,09%	0,00%	0,08%	4.000.000 kr	4.274.197 kr	4.274.197 kr	8.548.394 kr	50%
Kópavogur	6,75%	0,00%	5,84%	4.000.000 kr	25.268.906 kr	25.268.906 kr	50.537.812 kr	50%
Mosfellsbær og Kjós	5,15%	3,44%	4,92%	4.000.000 kr	21.911.074 kr	21.911.074 kr	43.822.147 kr	50%
Múlaþing	1,50%	6,16%	2,13%	4.000.000 kr	11.757.511 kr	11.757.511 kr	23.515.023 kr	50%
Reykjanesbær	2,00%	0,00%	1,73%	4.000.000 kr	10.287.730 kr	10.287.730 kr	20.575.460 kr	50%
Reykjavík	35,67%	9,52%	32,15%	4.000.000 kr	121.023.673 kr	121.023.673 kr	242.047.347 kr	50%
Seltjarnarnes	0,78%	0,00%	0,67%	4.000.000 kr	6.442.059 kr	6.442.059 kr	12.884.118 kr	50%
Skagafjörður	2,51%	10,76%	3,62%	4.000.000 kr	17.171.687 kr	17.171.687 kr	34.343.374 kr	50%
Snæfellsnes	0,57%	5,41%	1,22%	4.000.000 kr	8.434.381 kr	8.434.381 kr	16.868.763 kr	50%
Suðurland	8,88%	30,15%	11,75%	4.000.000 kr	46.765.381 kr	46.765.381 kr	93.530.762 kr	50%
Suðurnesjabær	0,91%	3,04%	1,20%	4.000.000 kr	8.352.838 kr	8.352.838 kr	16.705.676 kr	50%
Vestfirðir	1,69%	17,59%	3,83%	4.000.000 kr	17.943.456 kr	17.943.456 kr	35.886.912 kr	50%
Vestmannaeyjar	0,78%	0,00%	0,67%	4.000.000 kr	6.445.905 kr	6.445.905 kr	12.891.810 kr	50%
Þingeyjasýslur	1,67%	9,26%	2,69%	4.000.000 kr	13.793.455 kr	13.793.455 kr	27.586.910 kr	50%
	100%	100%	100%	100.000.000 kr	464.000.000 kr	464.000.000 kr	928.000.000 kr	